

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félag geislafræðinga
hins vegar
gera með sér svofellt
S A M K O M U L A G
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. september 2017 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkanir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- | | |
|------------|---|
| 1.09. 2017 | Laun hækka um 2,21%. |
| 1.06. 2018 | Laun hækka um 2,0%. |
| 1.02. 2019 | Sérstök eingreiðsla, 70.000 kr. greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember. |

**3. gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2017	86.000 kr.
Á árinu 2018	89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2018	48.000 kr.
--------------	------------

**4. gr.
Ferðatími erlendis**

Grein 5.5 breytist frá 1. mars 2018 og verður svohljóðandi:

5.5.1 Þegar starfsmaður fer utan að frumkvæði vinnuveitenda og á vegum hans skulu greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með eftirfarandi hætti:

Sé brottför/heimkoma flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33% á lagi skv. gr. 1.6.1 fyrir hvort tilvik.

Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% á lagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Á stórhátíðardögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 90% álagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Starfsmanni er heimilt að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma þannig að 20 mínútna frí jafngildir 33,33% álagi, 33 mínútna frí jafngildir 55% álagi og 54 mínútna frí jafngildir 90% álagi.

5. gr.

Ný grein:

10.5 Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag til BHM er nemi 0,1% af heildarlaunum félagsmanna. Fjármunum þeim skal verja til eflingar hagfræðilegrar greiningar, fræðslu til trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsmanna aðildarfélaga BHM.

6. gr.

Stofnanaþáttur

Ný grein tekur gildi þegar fyrir liggur staðlað form samþykkt af samningsaðilum:

11.5 Í þeim tilvikum sem einn eða mjög fáir félagsmenn starfa á stofnun er heimilt að semja um ráðningarkjör, með vísan í hlutlaust staðlað form stofnanasamnings.

7. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 19. febrúar 2018 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 10. febrúar 2018

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

F.h. Félags geislafræðinga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



Katrín Sigurdardóttir
Eyrún Ósk Sigurdardóttir
Kunnar Atli S. Tryggvason

**Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags geislafræðinga**

10. febrúar 2018

Bókun 1

BHM á ekki aðild að rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins er undirritað var þann 27. október 2015, ásamt síðari breytingum. Komi til þess á gildistíma kjarasamnings þessa að BHM undirgangist skilyrði og skuldbindingar þær er rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins felur í sér mun kjarasamningur þessi taka breytingum í samræmi við fyrrgreint samkomulag og forsendur þess. Það felur m.a. í sér að aðilar undirgangast sameiginlega launastefnu til ársloka 2018 og þá framtíðarsýn um meginstoðir nýs íslensks samningalíkans er þar næst samkomulag um.

Bókun 2

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Náist samkomulag um slíkt samstarf fyrir 30. mars 2018 skal komið á fót nefnd sem falið verður að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.

Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.

Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtímoveikindi.

Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.

Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2018.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að skipa stýrihóp með tveimur fulltrúum ríkis, þremur fulltrúum aðildarfélaga BHM og einum fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, í því augnamiði að setja á laggirnar *ráðgjafamiðstöð/stuðningsteymi* um stofnanasamningsgerð. Eigi síðar en fjórum vikum eftir samþykkt samninga skulu aðilar hafa skipað fulltrúa sína í stýrihópinn og skulu fulltrúar BHM boða til fyrsta fundar.

Markmiðið er að auka gæði stofnanasamningsgerðar, efla þátt stofnanasamninga og virkni í starfi stofnana og samstarfsnefnda með það að leiðarljósi að auka gæði opinberrar þjónustu. Í því felst t.d. að bæta verklag við flokkun starfa, gerð starfslýsinga og virka starfsþróun.

Stýrihópnum er heimilt að leita eftir samstarfi við fleiri bandalög/stéttarfélög auk þess að sækja um styrki til sjóða á vegum samningsaðila.

Bókun 4

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs við fleiri bandalög/stéttarfélög um endurskoðun á helstu atriðum 2. kafla kjarasamninga um vinnutíma. Náist samkomulag um slíkt samstarf fyrir 30. mars 2018 skal komið á fót nefnd sem falið verður að endurskoða kaflann heildstætt. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika á vinnustöðum ríkisins sem þjóni bæði hagsmunum ríkisins sem atvinnurekanda og starfsfólki þess.

Endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

Bókun 5

Samningsaðilar telja nauðsyn á framþróun í vinnutímakerfum hjá ríkisstofnunum og skv. tímannar tákni þurfi að skoða þau í ljósi bestu aðferða sem þekktar eru innan opinbera geirans hjá nágrannajjóðum. Í þeim tilgangi eru aðilar ásáttir um að fá sérfræðing á þessu sviði til að vinna að rannsókn eða samantekt til að draga fram nýjungar og þekkingu á þessu sviði fyrir samningsaðila.

Til þessa verks verði ráðinn sérfræðingur sem hafi frjálsar hendur til að vinna að slíkri skoðun og setja fram hvernig nýjungar á þessu sviði hafa áhrif á lífsgæði starfsmanna og heilbrigði vinnustaða.

Þessi skoðun verði kostuð af ríkinu og kostnaðarramminn verði 5 milljónir. Verkið verði unnið á samningstímabilinu og að einhverju leyti tengt bókun 4.

Bókun 6

Lagðar verða til allt að 200 milljónir kr. í þeim tilgangi að draga úr mönnunar- og nýliðunarvanda stofnana og lagfæra lægstu laun í stofnanasamningum. Aðilar eru ásáttir um eftirfarandi útfærslur:

Frá 1. janúar 2018 skulu mánaðarlaun starfsmanna skv. gr. 1.1.1 ekki vera lægri en kr. 417.409-. Þeim starfsmönnum sem fá greidd mánaðarlaun undir þeirri fjárhæð skal raðað í sérstakan launaflokk (launatölu) utan eiginlegrar launatöflu, sem er 417.409- og breytist skv. launahækkun 1. júní 2018. Sama gildir um þá sem ráðnir verða eftir 1. febrúar 2018.

Þessi aðgerð skal ganga framar ákvæðum stofnanasamninga um lægri launasetningu, en einungis gilda þar til launasetning skv. stofnanasamningi verður hærri fyrir viðkomandi starfsmann en nemur þessari upphæð.

Launasetning skv. ofangreindu hefur ekki áhrif á röðun annarra starfsmanna.

Þessi bókun tekur ekki til þeirra sem starfa að rannsóknum og starf þeirra er fyrst og fremst metið sem nám til háskólagráðu.



Það fjármagn sem eftir stendur (áætlað um 100 milljónir kr.) skiptist milli aðildarfélaga BHM skv. viðauka 1. Fjármagn þetta skal vistað á sérstökum safnlið og millifært til viðeigandi aðila þegar fyrir liggur niðurstaða um útfærslu. Sú ráðstöfun er þá varanleg hækkun á launagrunni viðkomandi einingar.

Bókun 7

Aðilar eru sammála um að fram að næstu samningsgerð verði unnið að endurskoðun á 1. og 11. kafla kjarasamningsins. Sú endurskoðun skal unnin af vinnuhópi skipuðum fulltrúum ríkis og fulltrúum aðildarfélaga BHM. Eigi síðar en fjórum vikum eftir samþykkt samninga skulu aðilar hafa skipað fulltrúa sína í vinnuhópinn og skulu fulltrúar BHM boða til fyrsta fundar. Vinnuhópurinn skilgreinir nánar viðfangsefnið og verklag.



Viðauki 1 við samkomulag
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar og
Félags geislafræðinga
hins vegar
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila
undirrituðu 10. febrúar 2018

Bókun 1

Ný tækni í aðferðum við myndgreiningu hefur haft mikil áhrif á starfssvið geislafræðinga á undanförnum árum. Aðilar hafa sammælst um að kanna hvaða áhrif þessar tækninýjungar hafa og hafa haft á starfsumhverfi geislafræðinga og hvernig þær gætu og hafa stuðlað að aukinni framleiðni í greininni. Til að sú könnun geti nýst við endurskoðun á störfum og ábyrgð geislafræðinga þarf meðal annars að horfa sérstaklega til aðferða straumlinustjórnunar og núverandi vinnufyrirkomulags. Félag geislafræðinga sér um boðun til fyrsta vinnufundar verkefnisins eigi síðar en fjórum vikum eftir að samningur hefur verið staðfestur. Þessari vinnu skal lokið áður en gildistíma þessa samnings líkur.

Viðauki 2 við samkomulag
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar og
Félags geislafræðinga
hins vegar
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila
undirrituðu 10. febrúar 2018

Dreifing fjármagns
skv. bókun 6.

Stöðugildi í október 2017	Fyrri aðgerð (417.409 kr.)	Seinni aðgerð (100m. skipt eftir hlutfalli stöðugilda í 07-10 lfl)	Samtals fjárhæð úr bókun 6
Félag geislafræðinga	100	280.051 -	5.781.915 6.061.966

Í tengslum við ráðstöfun þessa fjármagns beina samningsaðilar þeim tilmælum til viðkomandi aðila að við ráðstöfun verði horft til starfsþátta í starfi starfsmanna sem sinna einhverju eftirtalinna: þróunarvinnu er tekur til ákveðinnar þjónustu, meðferðarúrræða og/eða vinnuferla skv. nánari skilgreiningu stofnunar; innleiðing nýjunga með lausnamiðaða nálgun að leiðarljósi og leiðbeiningu nemenda í námi og miðlun fræðslu til samstarfsmanna með formlegum hætti.

Við mat á þessum starfsháttum þarf að horfa til þess að þeim er helst sinnt á þeim tíma sem dag- og göngudeildarþjónusta er opin.

Fylgiskjal 1

Launatafla tekur gildi frá 1. september 2017:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	311.478	319.264	327.052	334.839	342.625	350.413	358.199	365.987	373.773
2	327.052	335.228	343.404	351.580	359.756	367.933	376.109	384.286	392.462
3	343.404	351.989	360.575	369.159	377.745	386.329	394.915	403.500	412.085
4	360.575	369.588	378.603	387.618	396.631	405.646	414.661	423.674	432.689
5	378.603	388.068	397.533	406.998	416.464	425.928	435.394	444.859	454.323
6	397.533	407.472	417.409	427.348	437.286	447.225	457.163	467.101	477.040
7	417.409	427.845	438.280	448.715	459.151	469.586	480.021	490.457	500.892
8	438.280	449.237	460.195	471.152	482.108	493.065	504.022	514.980	525.937
9	460.195	471.699	483.204	494.709	506.214	517.719	529.223	540.729	552.233
10	483.204	495.284	507.365	519.444	531.524	543.605	555.685	567.764	579.845
11	507.365	520.048	532.732	545.416	558.101	570.785	583.469	596.153	608.837
12	532.732	546.050	559.369	572.687	586.006	599.325	612.643	625.961	639.279
13	559.369	573.353	587.338	601.322	615.306	629.290	643.275	657.259	671.243
14	587.338	602.021	616.705	631.388	646.072	660.755	675.438	690.122	704.805
15	616.705	632.123	647.539	662.957	678.375	693.793	709.210	724.628	740.046
16	647.539	663.728	679.917	696.105	712.293	728.482	744.671	760.859	777.047
17	679.917	696.914	713.913	730.910	747.908	764.906	781.904	798.902	815.900
18	713.913	731.760	749.608	767.455	785.304	803.152	820.999	838.848	856.695
19	749.608	768.348	787.088	805.828	824.568	843.310	862.050	880.790	899.530
20	787.088	806.765	826.443	846.120	865.798	885.475	905.152	924.829	944.506
21	826.443	847.104	867.765	888.426	909.087	929.748	950.409	971.071	991.731
22	867.765	889.459	911.153	932.848	954.541	976.236	997.930	1.019.624	1.041.318

Launatafla tekur gildi frá 1. júní 2018:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	317.707	325.650	333.593	341.535	349.478	357.421	365.363	373.306	381.249
2	333.593	341.932	350.272	358.612	366.951	375.292	383.631	391.971	400.311
3	350.272	359.029	367.786	376.542	385.300	394.056	402.813	411.570	420.326
4	367.786	376.980	386.175	395.370	404.564	413.759	422.954	432.148	441.343
5	386.175	395.830	405.484	415.138	424.793	434.447	444.101	453.756	463.410
6	405.484	415.621	425.758	435.895	446.032	456.169	466.306	476.444	486.581
7	425.758	436.402	447.046	457.689	468.334	478.978	489.621	500.266	510.909
8	447.046	458.222	469.399	480.575	491.751	502.926	514.102	525.279	536.455
9	469.399	481.133	492.868	504.603	516.338	528.073	539.808	551.543	563.278
10	492.868	505.190	517.512	529.833	542.155	554.477	566.799	579.120	591.442
11	517.512	530.449	543.387	556.325	569.263	582.200	595.138	608.076	621.014
12	543.387	556.971	570.556	584.141	597.726	611.311	624.896	638.480	652.065
13	570.556	584.820	599.085	613.348	627.612	641.876	656.140	670.404	684.668
14	599.085	614.062	629.039	644.016	658.993	673.970	688.947	703.924	718.901
15	629.039	644.765	660.490	676.216	691.942	707.668	723.394	739.121	754.847
16	660.490	677.003	693.515	710.028	726.539	743.052	759.564	776.077	792.588
17	693.515	710.853	728.191	745.528	762.866	780.204	797.542	814.880	832.218
18	728.191	746.395	764.600	782.805	801.010	819.215	837.419	855.624	873.829
19	764.600	783.715	802.830	821.945	841.060	860.176	879.291	898.405	917.520
20	802.830	822.901	842.971	863.042	883.114	903.184	923.255	943.326	963.396
21	842.971	864.046	885.120	906.195	927.269	948.343	969.417	990.492	1.011.566
22	885.120	907.249	929.376	951.504	973.632	995.760	1.017.889	1.040.016	1.062.145